



Alþingi
Erindi nr. P 140/62
komudagur 9.11.2011

9. nóvember 2011
SI-79779

Nefndasvið Alþingis
nefnasvid@althingi.is
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Með tölvupósti dags. 3. nóvember 2011, óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um afnám stimpilgjalds vegna kaupa á íbúðahúsnæði, 44. mál.

Seðlabanki Íslands telur að þrennt þurfi að hafa í huga áður en að þetta frumvarp yrði samþykkt að lögum.


Í fyrsta lagi er staða rikissjóðs bág og því mjög mikilvægt að grípa til aðhaldsaðgerða til að tryggja að skuldsetning hans sé sjálfbær. Afar takmarkað svigrúm er því til að auka útgjöld eða rýra tekjustofna.

Í öðru lagi hefur Seðlabankinn talið þörf á að fjölga þeim tækjum sem hann og stjórnvöld hafa yfir að ráða til þess að stuðla að þjóðhagslegu jafnvægi og draga úr líkum á fjármálaáfallum. Í því samhengi hefur bankinn t.d. í nýlegri skýrslu (Peningastefnan eftir höft, *Sérrit* nr. 4, desember 2010) tilgreint ýmiss tæki sem gætu hentað til að draga úr lána- og eignabólum á húsnæðismarkaði. Eitt slíkt tæki gæti verið beiting á stimpilgjaldi til að örva eða letja íbúðamarkaðinn, eins og víða er rætt nú um stundir.

Í þriðja lagi hafa umsvif á innlendum húsnæðismarkaði aukist nokkuð undanfarið (sjá t.d. umfjöllun í *Peningamálum* 2011/4). Ekki er því augljóst að frekari örvunar á þeim markaði sé þörf í bráð.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS


Már Guðmundsson
seðlabankastjóri


Þórarinn G. Pétursson
aðalhafþræðingur